

Sérdeild fyrir einhverfa - Vogasetur

Sérdeild fyrir börn með einhverfu var stofnuð í Vogaskóla haustið 2011. Markmið deildarinnar er að sinna einstaklingsmiðaðri kennslu og styðja við nám nemenda í almennu skólastarfi. Í dag tilheyra 6 nemendur deildinni. Deildin er ein fimm sérdeilda fyrir börn með einhverfu í grunnskólum í Reykjavík. Núverandi húsnæði er á efri hæð skólans. Deildin starfar samkvæmt deildarnámsskrá og er hluti af skólanámsskrá skólans og aðalnámsskrá.

Sækja þarf formlega um inngöngu í deildina. Með umsókninni þarf að fylgja staðfest greining á að barnið sé með röskun á einhverfurófinu. Sérstakt inntökuteymi fjallar um umsóknina og tekur ákvörðun um inntöku.

Samkvæmt reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla frá því í júní 2010 er markmiðið m.a. að nemendur fái jöfn tækifæri á eigin forsendum til náms og virkrar þátttöku í grunnskólum án aðgreiningar og fái fjölbreytt nám við hæfi í hvetjandi námsumhverfi. Allir nemendur sérdeildarinnar eru skráðir í almenna bekkni og er stefnt að því að nemendur deildarinnar taki eins mikinn þátt í almennu skólastarfi og kostur er.

Grundvöllur alls starfs í Vogasetri byggist á hugmyndafræði TEACCH (*Treatment and education of autistic and related communication handicapped children*). Gengið er út frá því að flest börn með einhverfu skilji betur það sem þau sjá en það sem þau heyra. Þar er m.a. lögð áhersla á skipulagða kennslu og kennsluumhverfi. Lykilorð aðferðarfræðinnar er skipulag, sem felur m.a. í sér að umhverfi og verkefni eru sjónræn og greinileg.

Allir nemendur deildarinnar hafa einstaklingsnámsskrá sem unnin er af starfsfólki í samráði við foreldra þeirra. Haft er til hliðsjónar almenn námsskrá þess aldurshóps sem nemandinn tilheyrir en auk þess er horft á getu, óskir og þarfir nemandans svo og óskir foreldra. Í einstaklingsnámsskrá koma fram bakgrunnsupplýsingar um viðkomandi nemanda, staða í

námi, markmið, leiðir til á ná áætluðu markmiði, upplýsingar um skipulag kennslu í kringum nemandann og námsmat.

Þegar um er að ræða barn með sérþarfir er gott samstarf og upplýsingamiðlun á milli heimilis og skóla algjör forsenda þess að vel takist til með nám barnsins. Einnig er mjög mikilvægt að kennarar og annað fagfólk beri saman bækur sínar og starfi saman. Reglulegir teymisfundir eru mikilvægir þar sem upplýsingum er miðlað og byggð upp samvinna milli heimilis og ólíkra fagaðila. Aðeins þannig næst markviss árangur í starfi.